

Mánudaginn 13. september 1993.

Nr. 297/1993. **Jóhann Benediktsson,**
Sigurður Stefánsson,
Sveinn Sigurbjörnsson og
Tryggvi Stefánsson
 gegn
Eiríki Sigfússyni.

Kærumál. Skuldabréf. Varnir. Skýrslugjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. júlí 1993, sem barst réttinum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra, upp kveðinn 30. júní 1993 af Ásgeiri Pétri Ásgeirssyni héraðsdómara. Kæruheimild er í b-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefjast sóknaraðilar þess, að hinn kærði úrskurður „verði úr gildi felldur og ómerktur og að lagt verði fyrir héraðsdómara að taka til greina kröfur sóknaraðila um, að heimilað verði, að fram fari í málinu sönnunarfærsla með gagnaöflun, vitna- og aðilayfirheyrslum til þess að staðreyna efni og tilurð skuldabréfsins, sbr. urskj. 2 ...“. Þeir krefjast og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að synjað verði um dómkröfur sóknaraðila og að málinu verði vísað til löglegrar meðferðar í héraði. Hann krefst þess, að sóknaraðilar og/eða hæstaréttarlögmennirnir Jón Oddsson og Tómas Gunnarsson, umboðsmenn sóknaraðila, verði dæmdir til að greiða varnaraðila kærumálskostnað.

Máli þessu hefur tvívegis áður verið skotið til Hæstaréttar. Með dómi 23. mars 1993 var staðfestur úrskurður héraðsdómarans þess efnis, að Sparisjóði Glæsibæjarhrepps verði ekki gert að leggja fram í málinu endurrit allra skjala sparisjóðsins, sem varða tilurð, möguleg kaup og sölu, meðferð og innheimtu skuldabréfs þess, er um er deilt í málinu. Með dómi 1. júní sl. var staðfestur úrskurður héraðsdómara um að víkja ekki sæti. Nú hafa sóknaraðilar skotið til Hæstaréttar þeirri ákvörðun héraðsdómara, að málið skuli rekið

samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991, enda þótt í dómi Hæstaréttar 23. mars sl. væri byggt á því, að málið væri rekið á þann hátt.

Í forsendum hins kærða úrskurðar tekur héraðsdómari fram, að ekki sé þörf á frekari sönnunarfærslu í málinu. Ekkert er því til fyrirstöðu, að sóknaraðilar geti innan þeirra marka, er áskilin eru í 118. gr. laga nr. 91/1991, leitt aðila og vitni til skýrslugjafar við aðalflutning málsins.

Eins og atvikum málsins er háttað, er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Heimilt er að yfirheyra aðila og vitni í máli þessu innan þeirra marka, er 118. gr. laga nr. 91/1991 áskilur.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 30. júní 1993.

Hér fyrir dómi krefjast lögmenn stefndu, að fram fari sönnunarfærsla með vitnaleiðslum og aðilaskýrslum til þess að staðreyna efni og tilurð skuldabréfsins á dskj. nr. 2 og sérstaklega í ljósi upplýsinga Bankaeftirlitsins á dskj. nr. 19 og 21, þar sem fram komi, að framseljandi skuldabréfsins til stefnanda, Sparisjóður Glæsibæjarhrepps, hafi aldrei átt bréfið, og sé því framsalið falsað samkvæmt c-lið 118. gr. laga nr. 91/1991. Einnig hafi ríkissaksóknari og sýslumaðurinn á Akureyri ekki fyrirtekið opinbera rannsókn, komi til nýjar upplýsingar um tilurð skuldabréfsins. Í ljósi þessa sé skylt að víkja frá ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 og koma að frjálsri sönnunarfærslu.

Lögmaður stefnanda mótmælir þessu og telur mál þetta að fullu upplýst samkvæmt gögnum þess, og ætlað eignarhald Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps skipti engu máli í þessu sambandi, vegna þess að skuldabréfið sé framselt af þar til bærum aðila til stefnanda, og vísar til Hrd. 1985, 419, máli sínu til stuðnings. Komi því stefndu ekki að frekari sönnunarfærslu en gögn málsins upplýsi með vísan til XVII. kafla laga nr. 91/1991.

Álit dómsins.

Upplýst er í málinu, sbr. dskj. nr. 19 og 21, að Sparisjóður Glæsibæjarhrepps var ekki eigandi skuldabréfsins, heldur hafði það til innheimtu fyrir stefnanda. Stefndu gáfu út skuldabréfið til Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps. Var sparisjóðurinn því formlega réttur handhafi bréfsins. Sparisjóðurinn framseldi stefnanda skuldabréfið. Er því stefnandi formlega réttur aðili að

máli þessu. Með vísan til hinna sýnilegu sönnunargagna, sem fram hafa verið lögð í málinu, fellst dómurinn á þá kröfu stefnanda með vísan til XVII. kafla laga nr. 91/1991, að ekki sé þörf á frekari sönnunarfærslu í málinu, og skal því málið rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Mál þetta skal rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991.
